

Mjúkir menn og ónáttúrulegir karlar

Nýja testamentið og „samkynhneigð“

Inngangur

Vitið þér ekki, að ranglátir munu ekki Guðs ríki erfa? Villist ekki! Hvorki munu saurlífismenn né skurðgoðadýrkendur, hórkarlar, fjöllyndir menn né karlhórir/barnaníðingar, þjófur né ásælnir, drykkjumenn, lastmálir né ræningjar Guðs ríki erfa (1. Kor. 6.9-10)

Þess vegna ofurseldi Guð þá löngunum hjartna þeirra á vit óhreisleikans, svo að líkamir þeirra yrðu svívirtir á meðal þeirra sem skiptu út sannleika Guðs fyrir lygi og báru lotningu fyrir og dýrkuðu hið skapaða í stað skaparans, sem er blessaður um eilífð, amen. Þess vegna hefur Guð ofurselt þá svívirðilegum girndum. Bæði hafa konur þeirra breytt eðlilegri notkun í ónáttúrulega og eins hafa karlar hætt eðlilegri notkun á konum og brunnið af þrá hver til annars. Karlar með körlum hafa stuðlað að félagslegri vansæmd og hafa sjálfir fengið að kenna á óhjákvæmilegri afleiðingu villu sinnar (Róm. 1.24-27)

Oft er vísað til 1. Kor. 6.9-10 og Róm. 1.24-27 í samtíma umræðu um samkynhneigð. Fullyrt er að Páll fordæmi þar *samkynhneigð* og *samkynhneigða* af þeim sem telja að þessi hugtök eigi jafnt við um forrur menningarþjóðir og nútíma. Að þeirra mati deila höfundar texta úr Miðjarðarhafsmenningu fornaldar áhuga nútímamanna á að skilgreina, flokka og meta kynheigð manna. Aðrir eru á öndverðum meiði og leggja áherslu á að hugmyndir um kynvitund (e. sexuality) og kyngervi (e. gender) séu breytilegar og menningarbundnar.

Meðal sérfræðinga sem fást við kynlíf og kynvitund Forn-Grikkja og Rómverja eru það aðallega Kenneth Dover¹ og Michel Foucault² sem hafa fært rök fyrir menningarbundnu viðhorfi til þessara mála. Að þeirra mati voru ólík

¹ Dover, Kenneth J., *Greek Homosexuality* (Duckworth, 1978).

² Michel Foucault, *The History of Sexuality, Vol. 1, An Introduction, Vol. 2: The Use of Pleasure* (Random House, Inc., 1985) og vol. 3: *The Care of the Self* (New York: Random House, Inc., 1986).

form kynmaka ekki sérstakt áhyggjuefni í forna tímanum. Löngun til sama kyns talin sama eðlis og löngunin til annars kyns. Taumleysi eða skortur á sjálfstjórn og það að lúta stjórn annars, var siðferðilega rangt í kynmökum karla.³

Áður en við lítum á texta úr bréfum Páls postula sem vísað hefur verið til í samtíma umræðu um samkynhneigð er ekki úr vegi að kynnast ýmsum niðurstöðum í nútíma rannsóknum á kynlífi og kynvitund meðal Forn-Grikkja og Rómverja.

Kynlíf og kynvitund meðal Forn-Grikkja og Rómverja

Nýlegar rannsóknir á *kyngervi* (e. gender) og *kynvitund* (e. sexuality), kynlífssamböndum og skírlífi í frumkristni eru hluti af líflegri þverfaglegri umræðu innan klassískra fræða, mannfræða og menningarfræða. Þau líkön sem notast er við, hafa mótast innan kynjafræða og í rannsóknum á viðhorfum til mannlíkamans í tímans rás. Almennt má segja að rannsóknir á kynvitund innan fornfræða einkennist af áhuga á hinni fornu orðræðu og tengslum hennar við völd og yfirráð. Nútíma rannsóknir á kynvitund eru sammála mikilvægum forsendum í sagnfræði líkamans, þ.e. að hugmyndir okkar um mannlíkamann og aðferðir okkar til að skilja hann og mannlega breytni almennt, séu samgrónar menningu og samfélagi. Margar rannsóknir á fornri læknisfræði og á viðhorfum til kvenlíkamans sýna að þótt munurinn á karlmönnum og kvenmönnum sé að einhverju leyti viðurkenndur sem náttúrulegur þá er sá munur tjáður

³ Ýmsir sérfræðingar hafa efast um fyrsta atriðið en að því gefnu að þriðja atriðið sé rétt hafi fyrsta atriðið komið til álita. Annað atriðið er almennt viðurkennt. Sjá Mark Golden, “Thirteen Years of Homosexuality (and Other Recent Work on Sex, Gender and the Body in Ancient Greece,” *Echos du Monde Classique* 35 (1991), 334. Einn helsti talsmaður líkans Dover og Foucault er D. Halperin: “Historicizing the Sexual Body: Sexual Preferences and Erotic Identities in the Pseudo-Lucianic Eroses,” í *Discourses of Sexuality: From Aristotle to AIDS*, ritsj. D. Stanton (Ann Arbor: University of Michigan Press, 1992), 236-261. Tveir sérfræðingar hafa endurskoðað líkan Dover og Foucault: D. Cohen, *Law, Sexuality, and Society: The Enforcement of Morals in Classical Athens* (Cambridge: Cambridge University Press, 1991); idem, “Sexuality, Violence, and the Athenian Law of Hubris,” *Greece and Rome* 38 (1991), 171-188; og A. Richlin, “Not before Homosexuality: The Materiality of the Cinaedus and the Roman Law against Love between Men,” *Journal of the History of Sexuality* 3 (1993), 523-573.

menningarlega og sögulega á sérstakan hátt.⁴ Þannig er kynvitund ekki einfaldlega líkamleg erótísk tjáning heldur er hún rituð í *vitund* einstaklinga af ytri orðræðu kynjaðrar hugmyndafræði; hún sem og öll mannleg hegðun er talin félagslega og menningarlega skilyrt.⁵

Hér hafa menn dregið fram tengslin milli hins kyngerða líkama, yferráða og félagslegs valds. Bent hefur verið á að menningarleg, pólitísk og félagsleg öfl hafi stuðlað að því að kynhlutverk voru talin *náttúruleg* innan ríkjandi hugmyndafræði og hefðbundinna stofnana.⁶ Áherslan á gagnvirk tengsl valds, hugmyndafræði, menningar og kynhlutverka tengjast aðgreiningu *kyns* og *kyngervis* sem mótast hefur smám saman eftir 1970. *Kyn* (e. sex) er líffræðilegt og líkamlegt fyrirbæri en *kyngervi* (e. gender) er menningarlegt og félagslegt fyrirbæði sem byggir upp og túlkar *karlmennsku* og *kvenleika*. Aðgreiningin milli *kyns* og *kyngervis* hefur reynst gagnleg í því augnamiði að hugsa um tengslin milli líkama og menningar og gagnrýna þá er telja að tengslin milli líffræðilegs kyns og kynhlutverka séu náttúruleg. Aðgreiningin bendir á að það sé ekki til neitt *kyngervi* handan menningar, félagslegra sambanda, valds og stigveldis. Hið sama á við um *kynvitund* manna.

Skrif Michel Foucault og annarra hafa haft mikil og umdeild áhrif á rannsóknir á kynlífi og kynferðislegum meinlætaliðnað á síðfornöldum. Fullyrðing Foucault um að *kynvitund/kynhneigð* sé hugtak sem kom til sögunnar á 18. og 19. öld sem aðskiljanlegt og þekkjanlegt fyrirbæri sjálfsmýndar byggð á kynferði, hefur bæði fengið staðfestingu og verið gagnrýnd.⁷ David Halperin hefur þróað hugmyndir Foucaults innan fornfræðanna. Samkvæmt því höfðu Forn-Grikkir og Rómverjar ekki sambærilegt hugtak og nútímahugtakið *kynhneigð* þannig að hugtökin *samkynhneigð* og *gagnkynhneigð* eiga ekki við í grísk-rómversku samfélagi þar sem félagslegar aðstæður gerandans og þolandans eru taldar

⁴ Teresa M. Shaw, "Sex and Sexual Renunciation," í Philip F. Esler, ritstj., *The Early Christian World*, Vol. I (London & New York, ?), 401-421; Dean-Jones 1991, 1994; Gourevitch 1984; Hanson 1990, 1991; King 1997; Laqueur 1990; Roussele 1983.

⁵ Turner 1984:28; 1992:41.

⁶ Bordo 1993:17; Stanton 1992b:16; Richlin 1997:18; Skinner 1997:13.

⁷ Foucault, 1978; Halperin, 1994; Halperin et al. 1990a; Boyarin 1995a; Laqueur 1990; Richlin 1998; Brooten 1996.

mikilvægastar í þessu sambandi.⁸ Þessi nálgun leggur áherslu á að kynvitund og ástriður tengdar kynlífi séu fyrirbæri sem byggð eru upp af félagslegum, stofnanalegum og menningarlegum normum. Læknisfræðilegar skýringar er fjalla um hin lífræðilegu kyn eru jafnframt því að vera menningarbundin einnig félagslegar stofnanir. Þetta má berlega sjá af því hvernig grísk-rómverskir læknar nota lýsingar á karl- og kvenlíkama í þjónustu ákveðinnar hugmyndafræði.⁹

Þegar við snúum okkur að heimildum úr Miðjarðarhafsmenningunni á fyrstu tveimur öldum okkar tímatafs eða þess tímabils sem kristnin trú var að skjóta rótum, má greina atriði í hinu félagslega og menningarlega landslagi er auðvelda okkur að greina þær forsendur og viðfangsefi er tengjast kynlífshegðun og höfnun á kynlífi. Áður en við snúum okkur að hinni frumkristnu orðræðu er mikilvægt að við gerum nokkra grein fyrir heimspekilegri og læknisfræðilegri umræðu um mannlíkamann og um kynlíf því bæði sviðin höfðu áhrif á frumkristna orðræðu. Allmargar nýlegar rannsóknir hafa nálgast efnið í slíkum samanburðarránsóknum.¹⁰ Eitt grundvallareinkenni á Miðjarðarhafsmenningu þessa tíma er hversu tengd viðfangsefni heimspekinnar og læknisfræðinnar voru í áherslu beggja á mataræði, heilsu og hamingju.¹¹ Þessi samtönnun viðfangsefna bendir til annars einkennis, nefnilega, að þrátt fyrir málfar tvíhyggjunnar í umræðu um líkama og sál þá er mikilvægt að við áttum okkur á því að tengsl sálar og líkama innan heimspekinnar, læknisfræðinnar og meinlætalis þess tíma er flókin; sál og líkami eru í reynd tengd órjúfanlegum böndum.¹² Þannig sagði læknirinn Galenos (c. 129-200 e.Kr.) sem hafði mikil og langvarandi áhrif á læknisfræðihefðir síðfornaldar, í Byzantíum og meðal íslamskra lækna, að einkenni sálarinnar réðist af mataræði manna, æfingum, siðum og venjum og að

⁸ Halperin 1994; Halperin et al. 1990.

⁹ Lloyd 1964, 1983; Dean-Jones 1991; Hanson 1990.

¹⁰ Rousselle 1983; Brown 1987, 1988; Foucault 1985, 1986; Martin 1995; Shaw 1998.

¹¹ Sjá Pluarchos, *Moralia* 122c-e.

¹² Teresa M. Shaw *The Burden of the Flesh: Fasting and Sexuality in Early Christianity* (Minneapolis, Minn.: Fortress Press, 1998), 27-78; Martin 1995:3-37; Peter Brown, *The Body and Society: Men, Women and Sexual Renunciation in Early Christianity* (Lectures on the History of Religions, no. 13. New York: Columbia University Press, 1988), 26-27, 222-240.

einkenni líkamans, sem mótast m.a. af mataræði, leiddi annaðhvort til visku eða heimsku.¹³

Þótt læknisfræði tímabilsins sé ekki einsleit má þó greina almenn stef og viðfangsefni sem tengjast bæði kyngervi og kynhlutverkum sem og eðli og gildi kynlífstengsla. Þótt rannsóknarsviðið sé víðfemt er hægt að greina þar tvö mikilvæg efnisatriði: Hugleiðingar lækna um líkama karla og kvenna og áhrif þeirra á kynjamun annars vegar og hugleiðingar um kosti og hættur kynlífsins hins vegar. Eitt af því sem maður rekst stöðugt á í bókmenntum og heimspeki sem og í læknisfræðilegri umræðu þessa tíma er sú fullyrðing að karllíkamar séu heitari en kvenlíkamar, en hiti og kuldi, ásamt vætu og þurk, voru tvö af fjórum uppistöðuatriðum alls lífs samkvæmt líkams- og vessafræði Aristótelesar. Hitinn er þá álitinn æðri og það sem gerir karllíkama kleift að þróast til fullkominar, á meðan kvenlíkamar eru kaldari og síðri, í reynd ófullkomin eftirlíking af karllíkómum.

Thomas Laqueur hefur nýtt sér þessa umræðu og fært rök fyrir því að „kyn(ferði)“ (sex) til forna hafi verið fljótandi samfella kvenlegra og karllegra kyngerva (*genders*) fremur en tvö aðskilin hugtök tveggja aðskildra líffræðilegra kynja (biological *sexes*).¹⁴ Það sem skipti máli voru kyngervishlutverk og félagslegt stigveldi (þeirra). Þótt Laqueur hafi verið gagnrýndur fyrir smættarhyggju¹⁵ þá dregur „eins kynja / kyns líkan“ hans fram þann sveigjanleika sem var á milli karllegra og kvenlegra formgerða í mælskulist og líffærafræði þess tíma sem notaði skiptingu í karllegur og kvenlegur óháð líffræðilegu kyni viðkomandi.¹⁶ Slíkt hjálpar okkar að skilja kristna meinlætaliðarmenn sem hvöttu konur til að nota líkamlegar æfingar, s.s. föstur, eða breyta ásýnd og útliti sínu til þess að verða karlmannlegri eða að verða karlmenn.¹⁷ Eitt er ljós: mat á

¹³ Galenos, *De sanitate tuenda* 1.8; *Quod animi* 4.

¹⁴ Thomas Laqueur, *Making Sex: Body and Gender from the Greeks to Freud*. Cambridge: Harvard University Press, 1990.

¹⁵ King 1997:621; Richlin 1997:29.

¹⁶ Gleason 1990, 1995.

¹⁷ Teresa M. Shaw, “Creation, Virginity and Diet in Fourth-Century Christianity: Basil of Ancyra’s *On the True Purity of Virginity*,” *Gender & History* 9 (1997), 579-96; idem, *The Burden of the Flesh: Fasting and Sexuality in Early Christianity* (Minneapolis, Minn.: Fortress Press, 1998), 220-53.

gildi hita og kulda, fyrir hið karllega og kvenlega, studdi kynjað stigveldi og undirgefni og kúgun kvenna.

Samhliða slíkum hugleiðingum er ljóst að ástríðurnar og neikvæð áhrif kynlífs á líkamann urðu að þrálátu viðfangsefni lækna og móralista.¹⁸ Of mikið kynlíf, eða ef kynlíf var stundað þegar líkaminn var ekki í góðu ástandi til þess, gat leitt til þess að menn ofkeyrðu sig og yrðu veikir, en kynlíf var talið ganga á lífsanda eða *pneuma* líkamans. Á hinn bóginn var einnig litið á kynmök sem lækningu á ýmsum sjúkdómum og flestir gerðu ráð fyrir að heilbrigður karlmaður eða kona stunduðu kynlíf.

En til eru heimildir frá 1. öld e.Kr. er birta deilur um gildi kynlífs og hafa ýmsir séð vísbendingu þar um vaxandi áhuga á skírlífi. Læknirinn Soranus og rit hans *Kvensjúkdómafræði - Gynaecology* - er mikilvæg heimild um þetta. Ritið geymir vissulega upplýsingar um réttar aðferðir fyrir getnað, heilbrigða meðgöngu og fæðingu, og umhirðu kornabarna.¹⁹ En þar er líka að finna rök fyrir því að skírlífi sé heilbrigt og eðlilegt ástand og þótt tíðir og óléttu séu óhjákvæmileg fyrir getnað, æxlun og viðhald kynstofna, eru þessi atriði ekki í sjálfu sér góð fyrir líkama kvenna.²⁰

Þetta er í hróplegri andstöðu við fyrri viðhorf grískrar læknisfræði sem gerði ráð fyrir að heilbrigð kona stundaði kynlíf og jafnvel það sem mikilvægara var, þá var hún kona sem *per definitionem* átti afkvæmi.²¹ Soranus vísar til deilna um málefnið og segir að sumir rökræði sem svo að líkaminn verði sjúkur vegna ástríðna hans og að margir hafi litið svo á að sáðlát væri slæmt fyrir heilsuna. Þá viðurkennir Soranus að kynmök séu nauðsynleg fyrir æxlun þótt skírlífi sé betri kostur.²² Þótt sérfræðingar séu ósammála um hversu víðtækar ályktanir megi draga af þessum heimildum um dyggðir einlífis og skírlífis meðal Rómverja eru

¹⁸ Rousselle 1983; Foucault 1986; Peter Brown, *The Body and Society* (Columbia University Press, 1988); Pinault 1992; Dale B. Martin, *The Corinthian Body* (New Haven / London: Yale University Press, 1995).

¹⁹ Rousselle 1983:35.

²⁰ Soranus, *Gynaikeia* 1.27-32; 42.

²¹ Pinault 1992: 129; Gourevitch 1984; 96; Hanson 1990: 330-34.

²² Soranus, *Gynaikeia* 1.30 og 32.

til sérfræðingar sem tengja hugleiðingar lækna um heilsufræðilegan ávinning þess að halda sig frá kynlífi við kristnar skírlífishugmyndir.²³

Hugleiðingar lækna um kynlíf og kosti þess að stunda það ekki fá enduróm hjá samtíðar siðapostulum. Eitt besta dæmið er Músónius Rufus (c. 30-c.101 e.Kr.) sem segir að ofgnótt í þeim lystisemdum er fylgja kynlífi sé vansæmd og sýni skort á sjálfstjórn. Hann færir rök fyrir því að karlar og konur eigi eingöngu að stunda kynmök innan hjónabands og þá eingöngu með getnað í huga og án allrar ánægju. Rannsóknir hafa dregið athyglina að því að á þessum tíma varð löngunin sjálf eða *ástríðan* að vandamáli. Þótt hún sé náttúruleg og líffræðileg leið til þess að menn fjölgi sér, þá er hún einnig ógnvaldur fyrir líkama og sálir manna, þar sem hún leiði til veikleika, trufla menn og leiði að lokum til sjúklegs ástands. Greinilega má sjá dæmi um þessi atriði í ritum Páls postula.²⁴

Samantekt á niðurstöðum

Almennt séð má segja að fornar menningarþjóðir á Frjósama hálfmánanum og á hinu grísk-rómverska menningarsvæði höfðu ekkert hugtak sem nær yfir það sem við í nútíma köllum *kynhneigð* (e. sexual orientation), þ.e. djúpa og stöðuga innri hneigð gagnvart viðfangi af ákveðnu *líffræðilegu kyni*. Hugmyndina um meðvitaða kynhneigð, sem er óháð afstæðum kvenlegra og karllegra þátta, má rekja til seinni hluta 19. aldar. Sú hugmynd gerir ráð fyrir að „samkynhneigð“ og „gagnkynhneigð“ séu varanlegar hneigðir sem eru mikilvægur hluti af sjálfsmynd og kynvitund viðkomandi. Nútímaleg aðgreining í sam- og gagnkynhneigð gerir stundum ráð fyrir mismunandi *tegundum* langana: a) ónáttúrulegum og afbrigðilegum löngunum; og b) náttúrulegum og eðlilegum löngunum. Þennan mun þekkti hinn forni heimur ekki!

Forn grísk-rómversk menning flokkaði hið náttúrulega og þar með alla einstaklinga innan *litrófs karllegra* og *kvenlegra* eða *dýrslegra* eiginleika. Ímynd karlmennskunnar var algilt viðmið í hinu „náttúrulega kyngervis-stigveldi“ *alls*. Kvenlegir eiginleikar voru *lakari*, *í reynd slæmir*, þótt þeir væru *náttúrulegir*.

²³ Pinault 1992; Rousselle 1983: 95-102.

²⁴ Músónus, *Orðræða* 12 og 14; Galenos, *de usu partium* 14; Martin 1997; Rousselle 1983: 13-63; Foucault 1986:104-44; Nussbaum 1994.

Forn-Grikkir og Rómverjar töldu að samræði fólks af sama kyni byggði á *sömu löngun* og þeirri sem leiddi til kynlífs fólks af gagnstæðu kyni. Spurningin var ekki um *langanir sem beindust í ranga átt* heldur um *réttmætar langanir* sem fengu óæskilegt og óheft frelsi. Forn-Grikkir og Rómverjar álitu engan eðlismun á *kynferðislegri löngun* a) til einstaklings af sama kyni, og b) einstaklings af gagnstæðu kyni. Hugmyndin um *persónu* sem laðist aðallega eða eingöngu að sama kyni var þeim fjarlæg. Hugsun um *samkynhneigð* var því ekki til.

Forn biblíurit fjalla því ekki um *samkynhneigð* eða *samkynhneigða* þótt þau vísi til samræðis fólks af sama kyni. Ástæðan er einfaldlega sú að fornar menningarþjóðir gerðu ekki greinarmun á persónum eftir kyni eða kynhneigð þess viðfangs sem þær þráðu mest. *Eðlilegt* og *náttúrulegt* kynlíf var í hinum forna heimi einkum skilið á þrjá vegu: 1) Til æxlunar. 2) Tákn „eðlilegrar“ hugmyndar um yfirburði karla. 3) Ástríðulaust eða ástríðulítið kynlíf. Í umræðum um *eðlilegt* kynlíf voru hugtökin *náttúra* og *ónáttúra* skilin með hliðsjón af stigveldi kynverunnar. Kynlíf í hinu grísk-rómverska samfélagi var skilgreint samkvæmt ákveðnu *kyngervisstigveldi*. Samræði (hvort sem um var að ræða kynmök karls og karls, karls og konu, konu og konu, eða manns og dýrs) *tjáði* að sá sem fór inn í hinn væri *æðri* en sá sem var undir. Hinn fyrrnefndi var *virkur*; hinn síðarnefndi *óvirkur*.

Hér skiptu hugtök eins og *náttúra* og *ónáttúra*, *sæmd* og *vansæmd* miklu. Sú löngun karls að fá inn í sig lim var talin *ónáttúruleg* því þá gæfi hann eftir náttúrulega stöðu sína og sæmd sem *hið æðra kyn*; slík löngun *braut í bága við* kyngervisstigveldi *náttúrunnar*. Við mök tveggja kvenna var álitið að önnur yrði *að koma inn í hina* og að slíkt væri *ónáttúrulegt*. Ekki er að sjá að slíkt „geranda“-hlutverk hafi í hugum manna fleytt þeirri konu ofar í hinu náttúrulega kynjaða stigveldi!

Sem dæmi um rök náttúru og ónáttúru má líta á rök Platons gegn samræði karla: Löngun karlmanns til annars karlmanns er *náttúruleg*, en þegar limur eins manns kemur inn í annan er það *ónáttúrulegt* í ljósi hins karl-kvenlega stigveldis alheims. Slík rök gera ráð fyrir stigveldi náttúru og ónáttúru. Plútark taldi samræði fólks af sama kyni *andstætt náttúrunni* vegna „veikleika og kvenleika þeirra sem í andstöðu við náttúruna leyfa, með orðum Platons, aðra að hylja sig og

koma upp á sig eins og skepnur.²⁵ Gert var ráð fyrir því að konum væri náttúrulegt að láta hylja sig og að farið væri upp á þær eins og skepnur.

Rit Fílons frá Alexandríu, samtímamanns Páls postula, sýna að hellenskir Gyðingar voru mótaðir af svipuðum skoðunum um náttúrulegt *kyngervisstigveldi* og um eðlilega lægri stöðu hins kvenlega: 1) Að karlmaður laðaðist að öðrum karlmanni er *náttúrulegt*; löngun í samkynja mök er ekki *ónáttúruleg*. 2) Samræði karla (og kvenna) af sama kyni er sprottið af óhóflegri löngun. Með því að leyfa löngunum að leika lausum hala fara þær *út fyrir lögmál náttúrunnar*. 3) Það sem er *ónáttúrulegt í samræði er*: a) rof á hinu *eðlilega* og *náttúrulega* kyngervisstigveldi; b) samræði sem hefur ekki æxlun að markmiði sínu.

Slík skilgreiningaratriði hjálpa okkur vissulega að skilja framsetningu þeirra höfunda Forn-Grikkja og Rómverja sem fjalla um kynlíf með beinum eða óbeinum hætti. Þessi atriði sýna okkur jafnframt að hugtakið *samkynhneigð* á ekki við um þá texta Biblíunnar sem fjalla um tiltekna kynhegðun. Nauðsynlegt er að nota önnur hugtök til að skilja þá betur. Að mínu mati varpa ýmis frammanefnd atriði ljósi á hugleiðingar Páls um kynlíf og skírlífi eins og við munum sjá í umfjölluninni hér að neðan.

²⁵ Plútarkos, *Ástarspjall*, Morlia 751D; Platon, *Lögin* 636A-C; 836C-E..